

3. gr.

131

Húsnæðismálastjórn skal koma saman til fundar einu sinni í mánuði eða oftar, ef þörf gerist, og hvenær sem einn eða fleiri hinna þriggja manna, sem um ræðir í 2. gr., óska þess.

4. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi fallin 1. gr. reglugerðar nr. 101 18. ágúst 1955, um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánunum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 70 21. sept. 1956, um breytingu á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 21. september 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

132

um skoðun á lungum úr fullorðnu fé á fjárskiptasvæðum.

27. sept.

Samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23 frá 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, hefur landbúnaðarráðuneytið ákveðið, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að hver sá sem hefur á hendi slátrun sauðfjár á fjárskiptasvæðum, skuli afhenda til lungnaskoðunarmanns lungu úr öllu fullorðnu fé, sem slátrað er, eða senda þau vandlega umbúin til Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Lungun skal merkja greinilega með nafni og heimilisfangi sendanda.

Fyrirmæli þessi gilda einnig um fullorðið fé, sem slátrað er heima.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1956.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

STYRKARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA 133

Ársreikningur 1955.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 10516.19
Aukning samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 359 75

Kr. 10675.94

Eignir sjóðsins eru:

Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
Sparisjóðsinnstæða	— 3675.94

Kr. 10675.94

133

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 79.75
Vextir af veðdeildarbréfum	— 280.00
	<hr/>
	Kr. 359.75

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 359.75
	<hr/>
	Kr. 359.75

Forsætisráðuneytið, 6. marz 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

134

YFIRLIT

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1956.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 26 734 869.61	
b. Veðdeild	— 13 639 889.74	
c. Ræktunarsjóður	— 112 086 049.35	
d. Byggingarsjóður	— 71 504 182.06	
e. Smábýladeild	— 21 287.79	
f. Nýbýlasjóður	— 599 320.50	
	<hr/>	kr. 224 585 599.05
2. Verðbréf:		
a. Sparisjóðsdeild	kr. 39 385 224.99	
b. Veðdeild	— 40 800.00	
c. Ræktunarsjóður	— 2 220 203.80	
d. Byggingarsjóður	— 1 252 322.21	
	<hr/>	— 42 898 551.00
3. Vixlar	— 90 208 230.44	
4. Lán í hlaupareikningi	— 70 230 171.28	
5. Ýmsir skuldunautar	— 1 560 613.32	
6. Teiknistofa	— 264 225.63	
7. Tryggingar fyrir ábyrgðum	— 3 336 040.48	
8. Innanstokksmunir	— 748 629.54	
9. Sameiginlegur kostnaður	— 3 127 442.25	
10. Fasteignir	— 1 000 000.00	
11. Innheimtur	— 3 796 475.64	
12. Framkvæmdabanki Íslands	— 6 150 000.00	
13. Útibú á Akureyri	— 345 673.44	
14. Bankainnstæða og peningar í sjóði	— 14 531 647.96	
	<hr/>	Kr. 462 783 300.03

Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði	kr. 144 517 174.21
2. Innstæða á skirteinum	— 5 266 295.20